

hjalti@nordurland.is

Til : hjalti@nordurland.is
Frá : hjalti@nordurland.is
CC : bjorn@nordurland.is
Heiti : Erindi til sveitarstjórnar frá MN
Málsnúmer. : 2020040334
Málsaðili : Markaðsstofa Norðurlands
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 15.4.2020 15:00:18
Höfundur : Hjalti Þórarinsson

Ágæta sveitarstjórn

Markaðsstofa Norðurlands vill koma á framfæri hugmynd um átak í merkingu gönguleiða á Norðurlandi. Átakið hefur tvíþættan tilgang ? annars vegar að styrkja innviði ferðaþjónustunnar á Norðurlandi og hins vegar til að vekja athygli á þeim fjölda gönguleiða sem eru í boði á Norðurlandi. Markaðsstofan hefur nú þegar frétt af áformum nokkurra sveitarfélaga um að gera eitthvað í þessa veru. Með því að sameina kraftana undir einum hatti er hægt að auka slagkraft verkefnisins út á við og nýta í markaðssetningu.

Nú á tímum óvissu og engra ferðalaga er mikilvægt að nýta tímann til þess að búa í haginn fyrir betri tíð. Uppbygging, merking og lagfæring gönguleiða er verkefni sem er auðvelt að ráðast í, kostar tiltölulega litla fjármuni en getur aukið mikið við vöruframboð og sýnileika viðkomandi svæðis. Sveitarfélög hafa verið hvött til að fjárfesta í atvinnuskapandi verkefnum á næstu mánuðum sem viðbrögð við minni umsvifum vegna Covid 19 faraldursins. Þetta verkefni rímar vel við þær áherslur og það er auðvelt fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig að sníða sér stakk eftir vexti hvað varðar umfang og útfærslu.

Verkefnið nýtist jafnt erlendum ferðamönnum sem og innlendum, ásamt því að auka lífsgæði íbúa viðkomanda svæða. Göngu- og hjólaferðir eru vinsæl afþreying meðal ferðamanna og vinsældir slíkra ferða eru að aukast hvað hraðast í heiminum í dag. Gott framboð á merktum leiðum er því gott veganesti til framtíðar ferðaþjónustu. Markaðsstofan hóf í fyrra vinnu við að safna saman gönguleiðum á Norðurlandi í gagnagrunn sem væri aðgengilegur á netinu. Þetta átak núna gæti skilað inn fjölda gönguleiða í þann gagnagrunn og eftir hann sem markaðstæki til ferðamanna.

Hugmynd að útfærslu verkefnisins er að sveitarfélög noti næstu vikur til þess að undirbúa átakið þannig að í byrjun maí væri hægt að tilkynna um þetta sameiginlega átak í fréttum og á samfélagsmiðlum. Framkvæmdin færi svo að mestu fram í júní og meðan á henni stendur væri hægt að birta myndir af starfinu frá mismunandi stöðum þar sem verið væri að vinna ? halda þannig kynningunni lifandi á meðan á verkefninu stendur. Í lok júní yrði svo ákveðinn dagur sem markar enda átaksins, með n.k. uppgjöri á afrakstrinum ? hversu margar nýjar gönguleiðir voru merktar o.s.frv. Jafnframt yrði vísað á gagnagrunninn þar sem hægt verður að finna upplýsingar um allar þessar leiðir á aðgengilegan hátt. Auðvitað er hægt að vinna áfram að uppbyggingu og merkingu leiða eftir þessa lokadagsetningu, en átakanu sem slíku væri formlega lokið.

Það er von okkar að þið deilið þessu tækifæri með okkur með það að leiðarljósi að gera Norðurland að þekktum áfangastað fyrir gönguleiðir. Við viljum því biðja ykkur að staðfesta þátttöku í verkefninu fyrir 30. apríl næstkomandi. Nánari upplýsingar um verkefnið veita Hjalti Páll, hjalti@nordurland.is og Björn, bjorn@nordurland.is.

Bestu kveðjur/Best regards
 Hjalti Páll Þórarinsson
 Verkefnastjóri / Route Development
 Sími/Phone: 354 462 3300 / 354 864 7740
 Markaðsstofa Norðurlands / Visit North Iceland

www.nordurland.is / www.northiceland.is

